

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 9191. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 29. september 2015  
og hófst hann kl. 12:00.

## Fundinn sátu:

Pétur Steinar Jóhannsson Nefndarmaður, Drífa Skúladóttir Nefndarmaður,  
Halldór Kristinsson Nefndarmaður, Illugi Jens Jónasson Nefndarmaður,  
Margrét Björk Björnsdóttir Nefndarmaður, Ásdís Lilja Pétursdóttir Ritari,  
Sigurður Sveinn Guðmundsson Embættismaður og Davíð Viðarsson  
Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ásdís Lilja Pétursdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

## Dagskrá:

- 1. 1509006 - Nesver ehf.\_umsókn um byggingarlóð að Norðurtanga 9d, Ólafsvík**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og gerir ráð fyrir lóðarúthlutun þegar breytt deiliskipulag hefur öðlast gildi.
- 2. 1509001 - Erlulundur\_umsókn um stofnun lóðar úr landi Stekkjarvalla**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en bendir á að landeigandi þarf að sækja um stofnun lóðarinnar.
- 3. 1509011 - Hafnarsvæðið í Ólafsvík\_tillaga að breyttu deiliskipulagi**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu að breyttu deiliskipulagi hafnarsvæðis Ólafsvíkur með fyrirvara um samþykki Hafnarstjórnar.
- 4. 1509005 - Nes, skiki úr Bárðarbúð\_Umsókn um byggingarleyfi fyrir timburhúsi á steiptum grunni með tréklæðningu skv. innsendum teikningum**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 5. 1509004 - Hótel Hellnar\_sótt um leyfi til stækkunar á núverandi hóteli í samræmi við gildandi deiliskipulag og innsendar teikningar**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 6. 1509003 - Hellisbraut 20\_umsókn um breytingu á efri hæð húsnæðis í íbúðarhús**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd vísar erindinu til endurskoðunar á

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

Aðalskipulagi Snæfellsbæjar.

- 7. 1509002 - Hellisbraut 5\_breyting á inngangi, stækkun forstofu og útlitsbreyting á þaki**

Þar sem umræddum framkvæmdum er lokið án tilskilinna leyfa og ekki hafa borist tilskilin gögn þrátt fyrir að eftir þeim hafi verið leitað, veitir umhverfis- og skipulagsnefnd frest til 2. nóvember 2015 til að skila inn gögnum. Eftir þann tíma áskilur nefndin sér rétt til að grípa til þeirra aðgerða sem lög gera ráð fyrir.
- 8. 1509009 - Ennisbraut 2\_endurbætur á húsi**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 9. 1304012 - Gistihúsið Langaholti ehf.\_Umsókn um byggingarleyfi**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu og umsögn eldvarnareftirlitsaðila. Nefndin bendir á að ef til frekari uppbyggingar komi, sé farið fram á deiliskipulag fyrir svæðið.
- 10. 1508010 - Sölvaslóð 1\_teikningar til samþykktar - án erindis**

Umhverfis- og skipulagsnefnd bendir enn og aftur á að berast þurfi formlegt erindi, á þartilgerðu umsóknareyðublaði, undirritað af eiganda Sölvaslóðar 1. Einnig þurfa að berast raunteikningar af húsinu.
- 11. 1509012 - Túnbrekka 15\_lökun á eldhúsglugga**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 12. 1509010 - Gufuskálar\_beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir göngustíg og áningarstað við fiskbyrgin í hrauninu á Gufuskálum**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 13. 1508004 - Skarðsvík - deiliskipulag lagt fram til kynningar og sótt um framkvæmdaleyfi fyrir skábraut að strönd**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en ítrekar að þar sem notuð verði steypa, verði hún dökklituð og falli vel að umhverfinu.
- 14. 1509007 - Viðvík\_fyrirspurn fyrir rekstri gistiheimilis, með fyrirvara um kaup á eigninni**

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en bendir á að breyta þyrfti landnotkun í skipulagi.
- 15. 1509008 - Skólabraut 6\_umsókn um gufubað á lóð, milli álfakletta**

Umhverfis- og skipulagsnefnd var kynnt erindið.

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

16. 1508010 - Sölvaslóð 1\_teikningar til samþykktar - án erindis  
Umhverfis- og skipulagsnefnd var kynnt umsögn úr vettvangsferð.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:45.